

Fréttabréf Viðskiptaráðs 4. desember 2009

Skaðlegar skattaáherslur og einkennileg viðbrögð stjórnvalda

Nú eru rétt tæpir tveir mánuðir frá því fjárlagafrumvarp næsta árs var lagt fram á Alþingi. Fáum kom á óvart að þar er gert ráð fyrir stórtækum aðgerðum í ríkisfjármálum til að brúa fjárlagahalla ríkisins. Viðskiptaráð hefur gagnrýnt þá skattastefnu sem frumvarpið boðar, enda er ljóst að megnið af aðlögunaraðgerðum munu að eiga sér stað í gegnum skattahækkanir.

Nýleg frumvörp, til skýringar á annars óskýru fjárlagafrumvarpi, renna stoðum undir gagnrýni Viðskiptaráðs. Meðal þess sem þau bera með sér eru umtalsverðar hækkanir á beinum sköttum einstaklinga og heimila, þ.e. tekju- og fjármagnstekjuskatti, nýir auðlinda-, orku- og umhverfisskattar sem leggjast á öll fyrirtæki og heimili í landinu í formi hærra orkuverðs, stóraukning á neyslusköttum og vörugjöldum og svo mætti áfram telja.

Í þessum aðgerðum taka stjórnvöld ekki tillit til þess að veruleg aðlögun hefur þegar átt sér stað hjá heimilum og fyrirtækjum landsins. Þetta sést best á umtalsverðum samdrætti í einkaneyslu, meira en 10 þúsund töpuðum störfum, hruni í fjárfestingu einkaaðila, fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði. Um leið og þessum hópi er ætlað að bera auknar byrðar þá stefnir ríkið eingöngu að því að taka lítil skref í átt til niðurskurðar og aðhalds, þrátt fyrir verulega þenslu í útgjöldum þess undanfarin ár. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er því ljós – verja á útgjöld ríkisins og störf í opinbera geiranum á kostnað almenns vinnumarkaðar og einkafyrirtækja. Þetta er gert undir forskriftum jöfnuðar og sanngirni.

Nú þegar sjást merki um neikvæðar afleiðingar af stefnu stjórnvalda. Einkafyrirtæki hagræða enn frekar í rekstri með tilheyrandi tapi starfa og verðmætasköpunar. Þessi þróun er bein afleiðing skattastefnu og niðurskurðarfærni stjórnvalda. Í stað þess að slík merki séu tekin alvarlega væna opinberir starfsmenn og stofnanir fyrirtæki um óheiðarleika og annarleg vinnubrögð. Ómálefneleg viðbrögð af þessu tagi, sem því miður hefur brugðið fyrir í riti og ræðu að undanförunu, eru ámælisverð, enda hvorki til þess fallin að skapa samstöðu um erfiðar aðgerðir né í anda lýðræðislegra vinnubragða sem gjarnan er kallað eftir.

Með þessari stefnumörkun og viðmóti vegur ríkið að grunni velsældar, elur á sundurlyndi og tortryggni og vegur enn frekar að sjálfbærni í ríkisfjármálum. Með því að draga úr kaupmætti þeirra sem fjármagna útgjöld og launagreiðslur ríkissjóðs og þar með úr umsvifum í hagkerfinu þarf ríkið að sækja frekar í vasa þeirra þegar fram líða stundir. Í mótun er vítahringur sem erfitt getur reynst að komast úr.

Viðskiptaráð vill því áréttta fyrri orð og mótmælir harðlega skattastefnu stjórnvalda, enda vinnur hún gegn markmiðum um endurreisn hagkerfisins, auknu atvinnustigi og uppbyggingu sterks og sjálfbærs velferðarkerfis.

Skattafrumvörp fyrir Alþingi – álit félaga

Eins og nefnt hefur verið þá liggja fyrir Alþingi nokkur frumvörp er varða breytingar skattumhverfinu. Ekki verður betur séð en að frumvörpin beri með sér umtalsverðar breytingar á núverandi skattkerfi, umfram skattahækkanir, og því miður að miklu leyti til hins verra. Félagar eru hvattir til að koma athugasemdum sínum við þessi frumvörp áleiðis til ráðsins sem fyrst, svo ráðið geti fundið þeim farveg í umsögnum sínum á næstu dögum og vikum.

Frumvörpin má nálgast [hér](#), [hér](#) og [hér](#).

Dómskerfið: Annar möguleiki í stöðunni

Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur Viðskiptaráðs, ritaði eftirfarandi grein um gerðardóma í Fréttablaðið síðastliðin laugardag:

Burðir dómstóla til að sinna eftirköstum efnahagshrunsins hafa verið í kastljósinu að undanfögnu. Aukinn mála fjöldi á nær öllum sviðum hefur valdið töluverðu álagi á dómskerfið og allar líkur á að framhald verði á þeirri þróun, líkt og kom fram í nýlegri ályktun Lögmannafélags Íslands. Þar hefur sérstaklega verið bent á stórfellda aukningu í munnlega fluttum einkamálum, ágreiningsmál vegna gjaldþrota, sakamál og tilkomu greiðsluáðlögunarmála.

Að mati margra er afar brýnt að brugðist verði hið fyrsta við þessari stöðu, m.a. með auknum fjárhagslegum stuðningi hins opinbera við dómstóla landsins. Með því mætti a.m.k. tímabundið fjölga dómurum, aðstoðarmönnum og öðru starfslíði dómstólanna og þar með tryggja frekar faglega, skjóta og réttláta málsmeðferð í öllum málum. Full ástæða er til að taka þessi tilmæli alvarlega enda er mikilvægi skilvirkra og faglegra dómstóla engum vafa undirorpið. Að þessu leyti eru skjót viðbrögð stjórnvalda skiljanleg, en dómsmálaráðherra kynnti nýverið ríflega aukafjárveitingu til þessa málaflokks.

[Lesið áfram...](#)

Á heimasíðu Viðskiptaráðs má nálgast frekari upplýsingar um gerðardóm ráðsins, sjá [hér](#).

Styrkir á Viðskiptaþingi 2010

Á árlegu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs hafa undanfarin ár verið veittir fjórir styrkir til framhaldsnáms erlendis, en tveir styrkjanna eru veittir úr Námssjóði Viðskiptaráðs um upplýsingatækni og hinir tveir úr Námssjóði Viðskiptaráðs.

1. Styrkirnir eru veittir til framhaldsnáms við erlenda háskóla eða aðra sambærilega skóla í greinum sem tengjast atvinnulífinu og stuðla að framþróun þess. Tveir styrkjanna gera kröfu um nám á sviði upplýsingatækni.
2. Skilyrði styrkveitinganna er að umsækjendur hafi lokið háskólanámi eða öðru sambærilegu námi.
3. Hver styrkur er að fjárhæð kr. 350.000 og verða þeir afhentir á Viðskiptaþingi, **17. febrúar 2010**.

Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu Viðskiptaráðs Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 föstudaginn 29. janúar 2010. Umsóknum þarf að fylgja afrit af prófskírteini, vottorð um skólavist erlendis og ljósmynd af umsækjanda.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Viðskiptaráðs, [sjá hér](#).

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er

margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Hrein erlend skuldastaða þjóðarbúsins í lok september hefur ekki verið jafn hagfelld frá því snemma árs 2001** sé skuldastaða gömlu bankana undanskilin, skv. upplýsingum Seðlabankans.
- **Vöruskiptajöfnuður á fyrstu 10 mánuðum ársins var hagstæður um tæpa 60 ma. kr.**, sem er ríflega 100 ma. kr. viðsnúningur m.v. sama tímabil í fyrra þegar halli var af vöruviðskiptum uppá ríflega 47 ma.kr. Þá gera bráðarbirgðatölur Hagstofunnar ráð fyrir afgangi af vöruskiptum í nóvember uppá tæpa 6 ma. kr.
- **Verð fyrir íslenskar sjávarafurðir í erlendum gjaldeyri á síðasta fiskveiðiári hækkaði um ríflega 45% frá síðasta fiskveiðiári**, en magnið jókst lítillega eða aðeins um 5%.
- **Dregið hefur úr hættunni á viðvarandi verðhjöðnunartímabili í stærstu hagkerfum heims**, en skv. nýlegum tölum OECD hækkaði verðlag í OECD ríkjunum núna í október.
- **Kröfuhafar Kaupþings hafa eignast 87% í Arion banka** sem ber vott um aukna trú þeirra á endurreisn íslensks efnahagslífs, en með því lækkar kostnaður ríkissjóðs vegna endurreisnar bankakerfisins um 66 ma. kr. og hefur kostnaður ríkisins vegna endurfjármögnun bankanna alls lækkað um rúma 100 ma. kr.
- **Orkuveitan hyggst ráðast í framkvæmdir á næsta ári fyrir 18 ma. kr.** og verður þar með einn af stærstu einstöku framkvæmdaraðilum hérlendis.
- **Um 3.400 fyrirtæki standa á sterkum grunni þrátt fyrir núverandi efnahagsástand**, en það eru ríflega 11% þeirra fyrirtækja sem úttekt CreditInfo tók yfir.
- **Nokkur íslensk fyrirtæki ganga vel þessa dagana**, en þar má nefna Icelandair Group sem skilaði hagnaði á þriðja ársfjórðungi, olíufélagið N1 sem skilaði hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins. Umframeftirspurn var jafnframt eftir hlutabréfum í Marel í nýafstöðnu hlutafjárútboði og seldust hlutir fyrir alls 7 ma. kr. til lífeyrissjóða og erlendra og innlendra fagfjárfesta.
- **Aukning varð í sölu bíla í nóvember mánuði m.v. nóvember í fyrra** og er það í fyrsta skipti frá febrúar 2008 sem aukning mælist yfir 12 mánaða tímabil. Þá varð jafnframt aukning í utanlandsferðum Íslendinga í nóvember, í fyrsta skipti frá miðju síðasta ári. Telja má þessa þróun sem ákveðin merki um efnahagsbata.
- **Alls fækkaði nýskráningum á atvinnuleysissskrá vestanhafs um 1,1% frá fyrri viku**, en gert hafði verið ráð fyrir ríflega 20.000 fleiri skráningum en raun bar vitni og hafa nýskráningar ekki verið jafn fáar frá því í september á síðasta ári.
- **Þátttaka í útboði ríkistryggðra skuldabréfa sem ríkissjóður yfirtók í kjölfar bankahrunsins gekk vel**, en eftir útboðið í vikunni er einungis um 1 ma. kr. eftir af slíkum bréfum.
- **Íslenskt efnahagslíf verður komið í eðlilegt og jafnvel blómlegt ástand eftir 5 ár að mati Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra** og þá ætti jafnframt mesti skaflinn í ríkisfjármálum að vera yfirstaðinn.
- **Hagvaxtarspá evrusvæðisins fyrir árin 2009-2011 hefur verið hækkuð frá fyrri spám**, en Seðlabanki Evrópu gerir nú ráð fyrir 0,8% hagvexti á næsta ári og 1,2% hagvexti árið 2011 á svæðinu.
- **Verð á áli hefur hækkað talsvert á erlendum mörkuðum og hefur ekki verið hærra í rúmt ár**, sem kemur mikilvægari gjaldeyrisöflun Íslendinga á næstu misserum vel.
- **Alls var 207 kaupsamningum um fasteignir þinglýst í nóvember**, sem er ríflega 30% aukning frá sama mánuði í fyrra og hækkaði meðalvelta fasteignamarkaðarins nú í fyrsta skipti í 40 vikur.
- **Kauphöllin verður búin að ná fyrri styrk eftir 3-5 ár að mati forstjóra Kauphallarinnar**, en gert er ráð fyrir að um 15 fyrirtæki verði skráð á markað á næsta ári.

- **Alþjóðlegir verðbréfamarkaðir tóku við sér í vikunni þrátt fyrir slæmar fregnir um skuldastöðu Dubai**, en MSCI vísitala hlutabréfa á heimsvísu er í sínu hæsta gildi í 14 mánuði og spila þar fregnir um endurgreiðslu Bank of America á fenginni ríkisaðstoð og jákvæða þróun hlutabréfa í Asíu stóran þátt.

Góða helgi.